



Stjórnarskrármálið. Álit og tillögur dóms- og kirkjumálanefndar í janúar 1948

Bjarni Benediktsson – Stjórnarskrármálið – Álit - Tillögur dóms- og kirkjumálanefndar í janúar 1948

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-9, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á l i t o g t i l l ö g u r
dóms- og kirkjumálanefndar.

Vér undirritaðir þrír nefndarmenn af fjórum (G.G. Hagal. hefir ekki getað mætt á síðustu fundum nefndarinnar) höfum orðið ásáttir um að leggja til við stjórnarskrárnefndirnar, að þær fallist á breytingar þær á V. kafla stj. skr. - dómsmálakaflanum -, sem skráðar eru hér á eftir. Efni kaflans er látið haldast að mestu, en nokkuð breytt um niðurröðun eftir því, sem betur þykir fara, og aukið við. En nýmælin eru þessi:

- 1.) Tekið er upp í stjórnlögin ákvæði um æsta dómstól ríkisins, hæstarétt, og um aðstöðu dómendanna í tveim höfuðatriðum (tölu og öryggi). Að öðru leyti fjalla almenn lög um þetta efni (lög um hæstarétt).
- 2.) Tekið er og upp í kaflann ákvæði um, að í stað "landsdóms" skuli hæstiréttur dæma um embættisafbrot ráðherra, eftir kærni Alþingis, samkvæmt lögum um ráðherraábyrgð, sem löguð yrðu eftir þeirri breytingu. Er þetta sjálfsögð réttarbót, og falla þá jafnframt niður ákvæðin um landsdóm í 4. málsl. 14. gr. stj. skr. og einnig breytast ummæli 29. gr. um landsdóm. En ásamt þessu þykir þó rétt, að kjörnir menn af Alþingi (er þó séu færri en hæstaréttardómendurnir) taki einnig sæti í þeim dómi vegna sérstöðu þeirra mála. Nánari reglur um þetta yrðu settar í alm. lögum.
- 3.) Hæstiréttur fái nú í hendur kjördómsvald það, sem ákveðið er Alþingi til handa með 46 gr. stj. skr. (og sú gr. fellur þá niður), þ.e. hæstiréttur og hann eingöngu verði "kosningadómstóll" út af Alþingiskosn., og má um þetta setja nánari reglur í lögum. - Auk sjálfs málsins, sem hér er einvörðungu réttarlegs eðlis, má líta á það, að hæstiréttur er nú svo fjölskipaður, að sjálf-sagt er að neyta hans úrskurðar, þar sem það þykir hæfa.
- 4.) Ákvæði takist í stjórnlög um sérstakan saksóknara ríkisins (sem

heimild eða skylda), en að öðru leyti verði settar reglur um þá síðu í löggjöf um meðferð opinberra mála.

- 5.) Aldurstakmark í dómaraembættum verði í stjórnarskránni ákvarðað fast 70 eða 67 ára aldur, í stað 65 ára aldurs (sem er heimild). Þykir það að öllu leyti hentara og öruggara.

Aths. Kirkjumálakafli stj. skr. (VI. k.) látum við óhreyfðan, að m.k. um sinn.

V.

59. gr. (Óbreytt).

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.

60. gr. (Ný).

Hæstiréttur er æðsti dómstóll ríkisins. Hann skipa fimm dómendur, sem eigi hafa umboðsstörf á hendi.

61. gr. (Áður 60. gr.).

Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda. Þó getur enginn, sem um þau leitar úrskurðar, komið sér hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

62. gr. (1. málsl. úr 61. gr. áður).

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögnum.

63. gr. (Ný).

Hæstiréttur dæmir um kærur Alþingis á hendur ráðherrum fyrir embættisverk þeirra. Auk dómenda hæstaréttar taka sæti í dómi um þau mál þrír menn tilnefndir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu. Um meðferð þeirra mála fer að öðru leyti að lögum.

64. gr. (Ný).

Hæstiréttur sker úr, hvort alþingismenn séu löglega kosnir, svo og úr því, hvort þingmaður hafi mist kjörgengi.

65. gr. (Ný).

Með lögum skal (má) ákveða, að sérstakur saksóknari fari með ákærvald ríkisins í opinberum málum.

66. gr. (2. og 3. málsl. 61. gr. áður, br.).

Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó skal veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 70 (67) ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

Gísli Sveinsson. Jón Steingrímsson. Arnfinnur Jónsson.

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 27. janúar 1948.

•/. Hér með sendast nokkur eintök af
áliti og tillögum dóms- og kirkjumálanefndar
millipinganefndar í stjórnarskrármálinu, er for-
maður nefndarinnar, Gísli Sveinsson, afhenti ráðu-
neytinu á sinni tíð.

F. h. r.

Bjarni Benediktsson

Til formanns stjórnarskrárnefndar,
herra Bjarna ráðherra Benediktssonar,
Reykjavík.

Föstudaginn 7. maí.

1. Stjórnarskrárbreyting: Ákvæðið um þjóðkirkjuá sé hreint stjórnarskráratkvæði, þannig að niður sé fellt ákvæði núverandi stjórnarskrár um það, að afstöðu þjóðkirkjunnar til ríkisins megi breyta með lögum. Framvegis þurfi stjórnarskrárbreytingar við um það ákvæði alveg eins og önnur.
2. Til forseta megi aðeins kjósa mann, sem sé meðlimur þjóðkirkjunnar. Sé það stjórnarskráratrúði.
3. Stjórnarskrárbreyting: Biskup eigi setu á Alþingi með málfrelsi og tillögurétt á sama hátt og ráðherrar, geti flutt þar mál, en hafi þó því aðeins atkvæðisrétt, að hann sé kjörinn alþingismaður.
4. Ákvæði í lögum frá síðasta þingi um nýbýli á prestssetrum breytist. Samþykki nýbýlastjórnar, prests, prófests, biskups (og einhverra tveggja annarra aðila) þarf til.
5. Samþ. verði fjárveiting, kr. 100 þús., til kirkjunnar til að nota fyrir óvissum útgjöldum og styrktar kirkjulegu starfi.
6. Laun presta: Prestar í Reykjavík, Hafnarfirði, Ísafirði Akureyri, Ákranesi og Keflavík flytjist upp í 7. launafl. og fá rétt til þess að kaupa prestssetrin, þar sem þau eru til. Fá lánþing og lán til slíks, en húsaleigu-styrkur falli þess í stað niður.
7. Stofnaður sé kirkjubyggingarsjóður (sakv. frv. Sig. Ólafssonar á síðasta þingi).